

REGLUGERÐ

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar snjallsíma og spjaldtölva.

1. gr.

Eftirtalin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 4zb í kafla IV í II. viðauka og lið 11zb í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2025, frá 14. mars 2025, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. kafla II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1669, frá 16. júní 2023, um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar snjallsíma og spjaldtölva.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1669 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28/2025, 30. apríl 2025, bls. 23-60.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2025 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38/2025, 12. júní 2025, bls. 20.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 13. gr. laga um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi vörur sem tengjast orkunotkun, nr. 72/1994, öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 27. nóvember 2025.

F. h. r.

Stefán Guðmundsson.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.